



Tillögur til breytinga á gr. 4.1. og 4.2. í samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs

4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi ásamt tveimur varamönnum og fjórir staðfestir af fulltrúum atvinnurekenda í fulltrúaráði á grundvelli tilnefningar Samtaka atvinnulífsins ásamt tveimur varamönnum. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Gæta skal ákvæða laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar. **Óheimilt er að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum sjóðsins. Tilnefningaraðili skal tilkynna stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun um afturköllun umboðs með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði, samþykktir eða reglur. Afturkalli tilnefningaraðili umboð stjórnarmanns skal fulltrúaráð þess aðila staðfesta þá ákvörðun ásamt tilnefningu nýs stjórnarmanns fram að næsta ársfundi. Tilnefningaraðilar eru Samtök atvinnulífsins annars vegar og tilnefningar-nefnd launamanna hins vegar, sbr. gr. 5.5. í samþykktum sjóðsins.**

4.2. Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa **gott orðspor** óflekkað ~~mánnorð~~ og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu fimm árum, í tengslum við atvinnurekstur, hafa fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði. Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. **Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slíkt seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.**

Greinargerð:

Með dreifibréfi Fjármálaeftirlitsins til lífeyrissjóða, dags. 3. júlí 2019, beindi Fjármálaeftirlitið því til stjórna lífeyrissjóða að taka samþykktir sínar til skoðunar í þeim tilgangi að skýra hvort og þá við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna verði afturkallað. Samskipti áttu sér stað í kjölfarið milli Gildis-lífeyrissjóðs og Fjármálaeftirlitsins sem leiddu að lokum til þess að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands sendi sjóðnum bréf þann 15. febrúar sl. þar sem þeirri afstöðu var lýst að ekki væri að finna ákvæði um það í samþykktum sjóðsins hvort og þá hvernig kjörtímabil stjórnarmanna verði rofið. Slíkt kunnir að leiða til óvissu um túlkun milli þeirra aðila sem að sjóðnum standa. Var farið fram á viðeigandi úrbætur þannig að skerpt yrði á ákvæðum í samþykktum og skýrt hvort, hvernig og við hvaða aðstæður umboð til stjórnarmanna verði afturkallað. Var farið fram á að umræddar breytingar yrðu teknar til endurskoðunar á næsta skipulega ársfundi sjóðsins.

Hinn 4. mars sl. gerðu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins með sér samkomulag um breytingar á kjarasamningi aðilanna um lífeyrismál frá 12. desember 1995. Í samkomulaginu koma fram efnisreglur varðandi afturköllun umboðs stjórnarmanna og um hæfi stjórnarmanna.

Tillögur að samþykktarbreytingum sem lagðar eru til varðandi gr. 4.1. hafa það að markmiði að útfæra í samþykktum sjóðsins hvort, hvernig og við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna verði afturkallað, á grundvelli ábendinga Fjármálaeftirlitsins og til útfærslu á samkomulagi ASÍ og SA frá 4. mars sl. Lagt er til að óheimilt verði að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum sjóðsins. Þá er því lýst með hvaða hætti umboð stjórnarmanns verði afturkallað komi til þess að viðkomandi bresti hæfi. Frumkvæði að slíkri afturköllun verði á hendi tilnefningaraðila með samþykki fulltrúaráðs hvors aðila um sig. Lagt er til að tilnefningarnefnd launamanna teljist tilnefningaraðili annars vegar þar sem um er að ræða sameiginlegan vettvang þeirra til þess að leggja til stjórnarmenn hverju sinni og Samtök atvinnulífsins hins vegar.

Þá ganga tillögur hvað varðar gr. 4.2. út á að breyta orðinu „óflekkað mannorð“ í „gott orðspor“ vegna lagabreytinga, sbr. 35. gr. laga nr. 141/2018. Ákvæði um að stjórnarmenn skuli rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig á rætur að rekja til samkomulags ASÍ og SA frá 4. mars sl. um hæfi stjórnarmanna.